

Alþingi
Erindi nr. P 123/397
komudagur 3.12.'98

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: Gunnar Jakobsson, ritari efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Sendandi: Jón Ögmundur Þormóðsson
Dagsetning: 2. desember 1998
Málsnúmer: 98080059
Bréfalykill: 43.090

Efni: Nýjar breytingartillögur við sjálfseignarstofnanafrumvarp eftir nefndarfund 27. nóvember 1998.

A.

Með tilliti til fyrirspurnar Ágústs Einarssonar væri rétt að breytingartillaga varðandi 1. gr. hljóðaði svo (eldri breyting tekin með í þennan texta):

1. Við 1. gr. Estirfarandi breytingar verði á greininni:

a. Í 1. mgr. falli niður orðið "(stofnana)".

b. Við bætist ný mgr. er verði 3. mgr. og orðist svo:

Um aðrar sjálfseignarstofnanir en þær, sem lög þessi taka til, fer eftir lögum um sjóði og stofnanir sem starfa eftir staðfestri skipulagsskrá eða öðrum lögum eftir því sem við á.

B.

Í fjármálaráðuneytinu hefur verið litið á skilgreiningu sjálfseignarstofnanafrumvarpsins á atvinnurekstri með hliðsjón af 4. gr. tekjuskattslaga. Skilgreiningin var talin standast en þó taldi ég og fulltrúi fjármálaráðuneytisins að til bóta væri að gera estirfarandi breytingu:

2. Við 3. gr. Í stað orðanna "Sjálfseignarstofnun telst þó ekki stunda atvinnurekstur" í 2. mgr. komi: Sjálfseignarstofnun telst þó ekki stunda atvinnurekstur í skilningi laga þessara.

Með þessari breytingu væru tekin af tvímæli um það að skilgreining 3. gr. ætti ekki að breyta neinu um skattalega stöðu stofnunar samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Jafnframt taldi fulltrúi fjármálaráðuneytisins til bóta að hnykkt væri á þessu í álitni nefndarinnar.

C.

Með tilliti til umræðna í nefndinni er hugsanlegt að breyta 14. gr. Breytingin gæti hljóðað svo:

Við 14. gr. Í stað orðanna "í samþykktir" í 2. málsg. komi orðin: í samþykktir enda hafi fulltrúaráð, ef fyrir hendi er, ekki bætt úr.

Ég hef haft samband við Stefán Má Stefánsson lagaprófessor sem vann mest að samningu frumvarpsins og bar breytingartillögur um 8., 14. og 25. gr. undir hann. Hann telur ekki

rét að breyta 2. mgr. 8. gr. Þá telur hann ekki nauðsynlegt að breyta 25. gr., sbr. lokaathugasemd við 25. gr., þótt hann telji breytingartillögu Verslunarráðs Íslands út af fyrir sig ekki geta valdið skaða. Ef breytingartillagan væri tekin til greina sem ég mæli þó ekki með yrði hún svohljóðandi:

Við 25. gr. Við 3. mgr. bætist nýr málsl., 2. málsl., sem orðist svo: Samþykki ráðherra skerðir ekki rétt sem grandlaus viðsejandi getur öðlast á grundvelli 28. gr.